

Nefndasvið Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 141/1617
komudagur 15.2.2013

Umsögn um 429. mál lagafrumvarp 141. löggjafarþingi 2012—2013.

Frumvarp til laga um náttúruvernd

Í nýju frumvarpi til laga um náttúruvernd er í 63. grein ákvæði um innflutning framandi lífvera. Við sem vinnum með tilraunalífverur til vísindarannsókna teljum að grein þessi geti verið íþyngjandi fyrir vísindastarf í landinu. Hingað til hafa leyfi til innflutnings framandi lífvera heyrt undir landbúnaðarráðuneyti (nú ráðuneyti atvinnuvega- og nýsköpunarmála) og embætti yfirdýralæknis séð um leyfisveitingar. Ef um nýjar framandi lífverur er að ræða, sem ekki hafa áður verið fluttar til landsins, hefur umsóknnum samkvæmt 5. grein laga 1990 nr. 54 að auki verið vísað til umsagnar hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, erfðanefnd landbúnaðarins og sérfræðinganefnd á vegum umhverfissráðuneytis. Auk þess þarf í mörgum tilvikum að sækja um sérstakt leyfi til að halda tilraunadýr skv. lögum nr. 15 frá 1994, og ef um erfðabreyttar lífverur er að ræða þarf að sækja um leyfi fyrir þeim til Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 18 frá 1996. Þessi leyfisferli eru krefjandi, dýr og hafa reynst mjög tímafrek og seinvirk.

Í frumvarpinu eru framandi lífverur skilgreindar sem „*Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. lífhlutar, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísvitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði eftir árið 1750*“. Orðalag 63. greinar frumvarpsins má skilja þannig að sækja þurfi aukalega um leyfi til umhverfissráðuneytis í hvert sinn sem fluttar eru inn lífverur til landsins, óháð því hvort áður hafi verið fluttar inn lífverur sömu tegundar að fengnu leyfi, þar eð ekki er gerður neinn fyrirvari þar um. Í umfjöllun um 63. grein segir hins vegar: „*Fyrirkomulag frumvarpsins miðar ekki síst að því að tryggja að ávallt sé leitað leyfis fyrir nýjum tegundum sem eru óþekktar eða hafa hvorki verið fluttar inn áður né leyfðar samkvæmt reglugerð*.“ Því má ætla að tilgangur og andi laganna sé að umfjöllun í nefnd á vegum Umhverfisstofnunar fari aðeins fram í eitt skipti fyrir hverja lífveru. Því er annað hvort orðalag 63. greinar frumvarpsins, eða skilgreining framandi lífvera ekki nógu afgerandi.

Fyrir rannsóknahópa sem reglulega þurfa að flytja inn stofna sömu tegundar til notkunar á rannsóknastofum getur þetta leitt af sér umtalsverðan kostnaðarauka og vinnuálag auk þess að torvelda rannsóknir. Eins og fram kemur hér að ofan segir nú þegar í lögum 1990 nr. 54 að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar þegar nýjar lífverur eru fluttar til landsins. Hér virðist því vera um tvíverknað að ræða. Við teljum því nauðsynlegt að orðalagi frumvarpsins verði breytt og sérstakt tillit verði tekið til tilraunalífvera enda gilda um þau sérstök lög. Tiltæknar tilraunalífverur mætti undanskilja 63. grein líkt og þegar er gert með erfðabreyttar lífverur eða þær mætti tiltaka sérstaklega á undanþágulistanum sem má gera skv. 4. málsgrein.

Virðingarfyllst

Arnar Pálsson, dósent, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Eiríkur Steingrímsson, prófessor, Læknadeild Háskóla Íslands

Erna Magnúsdóttir, sérfræðingur, Læknadeild Háskóla Íslands

Eva Benediktsdóttir, dósent, deildarforseti Líf- og umhverfisvísindadeildar Háskóla Íslands

Guðrún Valdimarsdóttir, sérfræðingur, Læknadeild Háskóla Íslands

Jón Þór Bergþórsson, sérfræðingur, Læknadeild Háskóla Íslands

Karl Ægir Karlsson, dósent, Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík

Margrét Helga Ögmundsdóttir, sérfræðingur, Læknadeild Háskóla Íslands

Magnús Karl Magnússon, prófessor, Læknadeild Háskóla Íslands

Ólafur Sigmar Andrésen, prófessor, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Pétur Henry Petersen, dósent, Læknadeild Háskóla Íslands

Sigríður Rut Franzdóttir, sérfræðingur, Læknadeild Háskóla Íslands

Sígurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur, Tilraunastöð Háskóla Íslands í Meinafræði að Keldum

Valgerður Andrésdóttir, deildarstjóri, Tilraunastöð Háskóla Íslands í Meinafræði að Keldum

Zophonías Oddur Jónsson, dósent, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Þórarinn Guðjónsson, prófessor, Læknadeild Háskóla Íslands